

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

66. fundur Stjórnar BS bs. haldinn laugardaginn 10. september 2022

kl. 10:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Birgir Örn Ólafsson, Magnús S. Magnússon, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

1. Staða fjármála.

- Staðan er samkvæmt fjárhagsáætlun.

2. Betri vinnutími.

- Jón fór yfir þá vinnu sem hefur verið gangi varðandi styttingu vinnuvikunnar, hefur sú vinna gengið vel og reiknað með að það taki gildi frá 1. Október.
- Stjórn felur slökkviliðsstjóra að halda áfram vinnu við styttingu vinnuvikunnar í góðu samstarfi við starfsmenn.

3. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Staðan í viðræðum við SÍ:

BS hefur átt fund með SÍ vegna endurnýjunar á samningi um sjúkraflutninga, markmiðið er að ná samningi sem tekur á fjölgun verkefna í sjúkraflutningum og síðan að semja um þann kostnaðarauka sem fylgir betri vinnutíma.

Verkefni við eldstöðvar:

Í samkomulagi við Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra var ákveðið að sjúkraflutningamaður ásamt tilheyrandi búnaði verði staðsettur við eldstöðvar 16 tíma í sólahring. Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra stendur straum af þeim kostnaði sem af þessum vöktum hlýst.

Vinna á þaki slökkvistöðvar:

Síðustu viku hefur farið fram lagfæringar á þaki tækjageymslu BS, en síðasta vetur komu fram gallar á festingu þakdúks og fer viðgerðin fram á vegum Ístaks og þeir bera þann kostnað sem af viðgerðinni hlýst.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Betri vinnutími:

Fyrsta október tekur gildi stytting vinnuvikunnar og verður vaktaskylda 13 vaktir í hverjum mánuði í stað 15,2 vakta í núverandi kerfi. Mikil samstaða er meðal starfsmanna um að stytta vinnutímann í 12 tíma vaktakerfinu.

4. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 11:10